

Tilmæli 7/2025  
Tillaga A 2020/UVN  
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

## Norrænt jafnréttis- og jafnræðisframtak

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2025 eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu velferðarnefndarinnar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gefa út norræna hvítbók um jafnrétti og jafnræði þar sem jafnréttisstefna á Norðurlöndum og fyrirliggjandi rannsóknir eru teknar saman og þróaðar.

Stokkhólmi, 30. október 2025

Heléne Björklund,  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs